

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir til að efla íbúalýðræði

Lagt er til að borgarstjórn samþykki eftirfarandi aðgerðir í tilraunaskyni til að efla íbúalýðræði og samráð við íbúa um málefni borgarinnar. Haldnir verði samráðsfundir og vinnustofur með hagaðilum í hverfum, þar sem ræddar verði áskoranir, tækifæri og aðkallandi verkefni hverfa. Niðurstöður fundanna verði unnar og lagðar fram fyrir viðkomandi fagráð og notaðar í vinnu við hverfisskipulag eða lausnamót. Settar verði á legg stærri vinnustofur í hverjum borgarhluta og íbúum boðið til stærra samtals með borgarstjórn og starfsfólki. Hverfið mitt verði útfært sem mót þar sem fólk kemur saman til að finna lausnir til að bæta hverfin og stuðla að samsköpun og samvinnu íbúa á milli sem og við sérfræðinga borgarinnar. Fjármagnið stuðli að framkvæmd þeirra verkefna sem þróast í gegnum lausnamótið. Borgaraping verði þróað áfram með stærra úrtaki af slembivöldum fulltrúum sem dragi innblástur af reglum OECD um borgaraping og áherslu á aðgengi borgara frá fjölbreyttum tungumála- og menningarheimum. Viðmót og ferlar ábendingagáttar og tengingar við Mínar síður verði þróaðar áfram og farið í endurbætur á kortasjám borgarinnar. Markmiðið er tímanleg, gagnsæ og viðeigandi upplýsingagjöf til íbúa. Verkefnið Borgarbúar óskast verður útvíkkað með því að kalla eftir hverfisleiðtogum, þ.e. áhugasömum íbúum sem gegna hlutverki tengiliða síns hverfis og safna saman sjónarmiðum íbúa, og málefnaleiðtogum, sem eru íbúar með þekkingu og áhuga á tilteknum málaflokkum og taka þátt í samráði tengt þeim.

Greinargerð

Þegar ákveðið var að leyfa íbúaráðum að hvíla út kjörtímabilið var samhliða ákveðið að efla samráð við íbúa og þróa nýjar leiðir með því markmiði að efla upplýsingagjöf, samráð við íbúa og leiðir til þátttöku í ákvarðanatöku, og nýta fjármagn sem best í þágu íbúalýðræðis.

Vilji stendur til að nýta þann lærdóm sem dreginn hefur verið af þróun lýðræðisverkefna síðastliðinna ára, áframhaldandi þróun lýðræðismenningu innan borgarinnar, fara vel með tíma og áhuga íbúa og stuðla að því að samráð nýtist til sýnilegra breytinga. Skiptir þá máli að niðurstöður funda skili sér í stefnumótun og ákvarðanatöku og að þeir íbúar sem taki þátt fái upplýsingar um niðurstöðuna.

Lýðræðisteymi Reykjavíkur og þjónustu- og nýsköpunarsviði ásamt skrifstofu fjármála og ráðgjafar verði falin útfærsla á þessum verkefnum í samráði við stafrænt ráð og eftir atvikum starfandi stýrihópa.

Verkefnin verði fjármögnuð af þeim kostnaðarliðum sem áður fóru í íbúaráð en breytt snið á Hverfinu mínu hafi áfram sinn fasta kostnaðarstað.